

---

**1963 nr. 32 26. apríl**

**Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálhóltsstað**

Tóku gildi 15. maí 1963.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem

nú eru í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup Íslands og kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

■ **2. gr.** Ríkissjóður skal árlega greiða kr. 1.000.000,00 í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp.

Stjórn sjóðsins skipar kirkjuráð.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.